



Reykjavík, 15. mars 2024

MSS23050179

UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga að umsögn um aðgerðaráætlun 2024-2026 um þátttöku í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum.

Á fundi forsætisnefndar, þann 1. mars 2024 var samþykkt að vísa aðgerðaráætlun 2024-2026 um þátttöku Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum til umsagnar hjá fagráðum Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki eftirfarandi umsögn um aðgerðaráætlun 2024 - 2026 um þátttöku í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum:

Í þessari umsögn er tekið undir mikilvægi þess að Reykjavíkurborg sækir markvisst fram í alþjóðasamstarfi og þeim tækifærum sem felast í þátttöku í slíkum samstarfsverkefnum. Tengt innleiðingu á menntastefnu Reykjavíkurborgar hefur skóla- og frístundasvið sótt markvisst fram í alþjóðsamstarfi og er sviðið með starfsmann hjá Nýsköpunarmiðju menntamála sem hefur það hlutverk að halda utan um þau verkefni. Laun þess starfsmanns eru fjármögðuð með umsýslustyrkjum verkefna. Frá árinu 2018 hefur skóla- og frístundasvið verið að fá 40-60 m.kr í styrki árlega fyrir alþjóðaverkefnum sem hafa snúið að þekkingarmiðlun, starfþróun auk nýsköpunarverkefna sjá nánari upplýsingar á [vef menntastefnu](#). Í ljósi þess mætti því velja því upp hvort að gera ætti sérstaklega grein fyrir alþjóðasamstarfi skóla- og frístundasviðs í aðgerðaráætluninni.

Tekið er undir þá áskorun að bæta þurfi stjórnarsýslulega umsýslu umsókna til að tryggja að þær séu í takt við þarfir borgarinnar. Þar gæti falist tækifæri í því að miðlæg eining á skrifstofu borgarstjóra taki saman köll sem tengjast starfssemi fagsviða borgarinnar og kynni fyrir tengiliðum þeirra, ekki eingöngu í gegnum setu í alþjóðahópnum heldur einnig með víðtækari upplýsingagjöf. Þannig mætti efla fagsviðin í að taka þátt í ákvarðanatöku um þau verkefni sem valið er að fara í. Í því sambandi mætti hvetja miðlæga deild ráðhússins til að hafa sérstöðu skóla- og frístundasviðs í huga. Sviðið er í fararbroddi á heimsvísu þegar kemur að samþættingu formlegs og óformlegs náms bæði í gegnum áherslur menntastefnu Reykjavíkur og í gegnum skóla- og frístundastarf borgarinnar. Þá er verið að innleiða ný farsældarlög og vinna að innleiðingu verkefnisins Betri borg fyrir börn sem kallast algerlega á við alþjóðlega straua í menntamálum samtímans. Þá á skóla- og frístundasvið í markvissu samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um þróun, nýsköpun og rannsóknir sem falið getur í sér tækifæri til að bregðast við þeim köllum og tækifærum til styrkjaumsókna sem gefast í tengslum við menntun.

Sérstakar athugasemdir varðandi einstaka liði aðgerðaráætlunarinnar:



Reykjavík



Markmið á glæru 6.

Markmið aðgerðaráætlunarinnar styðja vel við áherslur SFS þegar kemur að alþjóðasamstarfi sem snúa að því að styðja markvisst við starfsþróun, framsækni og nýsköpun innan sviðsins.

Aðgerðir á glæru 7.

Í aðgerð 4. er talað um reglulegar kynningar innan borgarkerfisins á tækifærum til styrkumsókna sem við styðjum heilshugar. Koma þarf slíkum kynningum í fastan farveg og tryggja að þær taki mið af þeim köllum sem gerð hafa verið opinber hjá ESB á hverjum tíma. Slíkar kynningar mættu einnig ná betur til allra starfsstaða og vera í formi samtals um raunverulegar þarfir starfsfólks og notenda þjónustu borgarinnar sem svo gæti nýst í ákvarðanatöku um það hvaða verkefni verður sótt um styrki fyrir.

Innleiðing á glæru 8

Alþjóðahópur - Mikilvægt er að tryggja aðkomu skóla- og frístundasviðs að Alþjóðahópi og að upplýsingar sem tengjast þátttöku í stærri rannsóknarverkefnum sem tengjast starfsemi sviðsins berist hratt og örugglega á rétta staði svo hægt sé að taka ákvarðanir um mögulega þátttöku.

